

Fundargerð

125. stjórnarfundur FHA haldinn 19. apríl 2021 kl. 12:00

Boðaðir voru stjórnarmenn og varastjórn. Fundinn sátu: Hjördís Sigursteinsdóttir formaður, Auðbjörg Björnsdóttir, Guðmundur Kristján Óskarsson, Helgi Freyr Hafþórsson, Margrét Elísabet Ólafsdóttir, Sigríður Sía Jónsdóttir og Stefán Guðnason.

Dagskrá:

1. Dagskrá aðalfundar og framboð

Farið var yfir dagskrá aðalfundar, framboð til stjórnar og trúnaðarstarfa fyrir félagið. Formaður félagsins Hjördís Sigursteinsdóttir hefur ákveðið að gefa kost á sér áfram til formennsku í félaginu. Auðbjörg Björnsdóttir og Guðmundur Kristján Óskarsson gefa kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu næstu tvö árin. Sigríður Sía sem á enn eftir eitt ár af sinni stjórnarsetu telur rétt að stíga til hliðar þar sem hún mun taka við stöðu sviðsforseta Heilbrigðisvísindasviðs. Margrét Elísabet sem verið hefur varamaður ætlar að gefa kost á sér sem aðalmaður í stjórn. Ingibjörg Sigurðardóttir gefur einnig kost á sér sem varamaður eða aðalmaður í stjórn. Skoðunarmenn ársreikninga gefa kost á sér til áframhaldandi setu. Guðmundur Kristján Óskarsson gefur kost á sér til að stýra aðalfundinum og Margrét Elísabet Ólafsdóttir gefur kost á sér sem ritari á aðalfundi. Stjórn fór yfir ársreikninginn sem undirritaður hefur verið af skoðunarmönnum og skýrsla stjórnar var yfirfarin. Ákveðið var að félagsgjald FHA yrði áfram 1% af heildarlaunum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:00
Hjördís Sigursteinsdóttir